




Menntamálanefnd Alþingis
v/Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. mars 2011
Tilvísun: HI11030035/0.3

Háskóla Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls. Frumvarpið var kynnt í háskólaráði 17. mars sl. og jafnframt sent ýmsum aðilum innan skólans. Háskóli Íslands telur að frumvarpið sé án efa skref í rétta átt og til þess fallið að styrkja stöðu íslensku og íslenska tákn málsins þó að ýmislegt sé óljóst varðandi framkvæmd einstakra ákvæða. Af þeim sökum hvetur háskólinn til þess að frumvarpið nái fram að ganga. Meðfylgjandi eru umsagnir Rannveigar Sverrisdóttur lektors í tákn málsfræði og Eiríks Rögnvaldssonar prófessors í íslenskri málfræði sem birtist í HUGRÁS - vefriti Hugvísindasviðs Háskóla Íslands og tekur háskólinn undir ábendingar þeirra.

Virðingarfyllt
f.h. Háskóla Íslands


Ingibjörg Halldórsdóttir
Lögfræðingur

- Forsíða
- Um Hugrás
- Hugvísindasvið»
- Ritið»

Leit á vefnum...

Leita

- Fréttir»
- Skiptar skoðanir
- Fræðin»
- Menning»
- Aðrar tungur

Frumvarp um stöðu íslenskrar tungu og táknmáls

Skrifað 02/03/2011

Nýlega hefur mennta- og menningarmálaráðherra lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls. Samkvæmt fréttum má vænta þess að þetta frumvarp verði að lögum áður en langt um líður, því að fulltrúar allra flokka lýstu stuðningi við það og fögnuðu því sérstaklega. Þetta er merkilegt frumvarp því að nú á í fyrsta skipti að setja sérstök lög um réttarstöðu íslenskrar tungu sem skal vera „þjóðtunga Íslendinga og opinbert mál á Íslandi“ eins og segir í fyrstu grein frumvarpsins. Reyndar má velja því fyrir sér hvort *þjóðtunga* sé kannski álíka merkingarlaust orð og lögfræðingar vilja telja okkur trú um að *þjóðareign* sé – en það er annað mál.

Frumvarpið er þó ekki síður merkilegt fyrir það að þar er kveðið á um að íslenskt táknmál sé „fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra og afkomenda þeirra sem þurfa að reiða sig á það til tjáningar og samskipta“ (3. gr.), og stjórnvöldum sé skylt að „hlúa að því og styðja“. Jafnframt er skýrt ákvæði um rétt þeirra sem hafa þörf fyrir táknmál til að læra það og nota, og tekið fram að það sé „jafnréttthátt íslensku sem tjáningarform í samskiptum manna í milli og er óheimilt að mismuna mönnum eftir því hvort málið þeir nota“ (12. gr.). Í þessu felst stórkostleg réttarbót fyrir notendur táknmálsins, enda fjölmenntu þeir á þingpalla þegar mælt var fyrir frumvarpinu.




En þótt margt sé til bóta í frumvarpinu er þar sitthvað sem orkar tvímælis eða þarfnast nánari skýringa. Í 2. gr. segir: „Stjórnvöld skulu tryggja að unnt verði að nota [íslensku] á öllum sviðum íslensks þjóðlífs.“ Og 10. gr. hljóðar svo: „Stjórnvöldum er skylt að sjá til þess að íslenskur fræðiorðaforði á ólíkum sviðum eflist jafnt og þétt, sé öllum aðgengilegur og notaður sem víðast.“ Þetta er gott og blessað; en hvernig eiga stjórnvöld að bera sig að við þetta? Um það segir ekkert í frumvarpinu sjálfu, en í athugasemdum við 10. gr. segir að skyldan hvíli „einkum hjá æðstu stjórnvöldum hvers stjórnsýslusviðs“ og „á oddvitum fræðasamfélagsins í heild og þá sérstaklega stjórnendum háskóla og einstakra stofnana þeirra, enn fremur á stjórnendum sjálfstæðra rannsóknarstofnana og fræðasetra“.

Þetta er mjög almennt orðað og þarna vantar einhvers konar verkáætlun – en ekki síður fé. Það er meira en að segja það að tryggja notkun íslensku á öllum sviðum þjóðlífsins. Ég hef t.d. oft bent á (m.a. í greinum í *Morgunblaðinu* 2006 og *Skímu* 2009) að þörf er á miklu rannsóknar- og þróunarstarfi í máltækni til að íslenska verði fullgilt mál innan tölvu- og upplýsingatækninnar í framtíðinni. Í íslenskri málstefnu sem Alþingi samþykkti fyrir tveimur árum eru tilgreindar nokkrar nauðsynlegar aðgerðir til að því markmiði verði náð. Ljóst er að þær aðgerðir kosta verulegt fé, en á því bólar ekki. Það er ekki heldur hægt að ætlast til þess að iðorðasmíð verði áfram unnin í sjálfböðavinnu eins og raunin hefur að mestu verið hingað til. Ég er þess vegna hræddur um að þessi ákvæði verði dauður bókstafur – án verkáætlunar og fjármögnunar gerist ekkert.

Sama máli gegnir um fjármál Íslenskrar málnefndar. Eftir að Íslensk málstöð sameinaðist öðrum stofnunum á sviði íslenskra fræða fyrir tæpum fimm árum og varð hluti af Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum hefur málnefndin ekki haft neina sérmerкта fjárveitingu og átt allt sitt undir Árnastofnun sem er „skrifstofa Íslenskrar málnefndar“ skv. lögum en hefur að öðru leyti engar lagaskyldur við nefndina. Á þessu verður engin breyting samkvæmt frumvarpinu. Ákvæði um Íslenska málnefnd er að vísu sett þar inn (5. gr.) og verður tekið út úr lögum um Árnastofnun, en því fylgir ekkert fé. Í athugasemdum fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins við frumvarpið er gert ráð fyrir því að árlegur útgjaldaauki vegna samþykktar þess yrði allt að 1,5 milljónir króna og „slík minni háttar breyting rúmist í rekstrarveltu Stofnunar Árna Magnússonar“. Sú athugasemd gefur ekki tilefni til bjartsýni um að fjárhagur málnefndarinnar vænkist við þessa breytingu.

En athugasemdir mínar við ákvæði frumvarpsins um Íslenska málnefnd lúta ekki eingöngu að fjármálum – það má líka velta fyrir sér skipan nefndarinnar. Samkvæmt 5. gr. frumvarpsins tilnefnir hver eftirtalinna einn fulltrúa: „háskólaráð Háskóla Íslands, Háskólinn á Akureyri, Háskólinn í Reykjavík, Listaháskóli Íslands, hugvísindasvið Háskóla Íslands, menntavísindasvið Háskóla Íslands, Ríkisútvarpið, Þjóðleikhúsið, Samtök móðurmálskennara, Rithöfundasamband Íslands, Bládamannafélag Íslands, málræktarsvið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum fyrir hönd orðanefnda, Bandalag þýðenda og túlka, Staðlaráð Íslands, Upplýsing, félag bókasafns- og upplýsingafræðinga og Hagþenkir.“ Auk þess skipar ráðherra formann og varaformann án tilnefningar. Fjölgað er um þrjá í nefndinni, frá Bandalagi þýðenda og túlka, Staðlaráði og Upplýsingu, en aðrir tilnefningaraðilar eru hinir sömu og áður.



Höfundur vill frá nýja hugsun og ný viðhorf inn í Íslenska málnefnd

Það má færa góð rök fyrir aðild allra þessara félaga og stofnana að Íslenskrari málnefnd. Hins vegar er þetta nokkuð einsleitur hópur – eingöngu fulltrúar þeirra sem hafa atvinnu af tungumálinu í einhverjum skilningi. Það hefði verið gaman að fá nýja hugsun og ný viðhorf inn í málnefndina með því að setja þar fulltrúa almennra málnotenda, hvernig svo sem þeir hefðu nú verið valdir. Af hverju eru ekki þarna fulltrúar Alþýðusambandsins og Samtaka atvinnulífsins, Lionshreyfingarinnar og Kvenfélagasambandsins, Sambands íslenskra framhaldsskólanema og Landssambands eldri borgara, Samtakanna 78 og Bændasamtakanna – jafnvel Heimssýnar og Já Íslands? Ég er ekki í vafa um að slík breyting á samsetningu málnefndarinnar hefði tengt hana betur við það málsamfélag sem henni er ætlað að sinna og gert hana færari um að rækja skyldur sínar við það.

Að lokum legg ég áherslu á að þrátt fyrir þessar athugasemdir fagna ég frumvarpinu vitanlega og er ekki í vafa um að samþykkt þess mun styrkja stöðu íslensku og ekki síður íslenska táknmálsins. Vegna þess að nýlega hefur verið bent á að eðlilegt sé að fræðimenn geri grein fyrir hagsmunatengslum sínum í akademískri umræðu þykir mér líka rétt að taka fram að ég sit í Íslenskrari málnefnd sem fulltrúi háskólaráðs Háskóla Íslands.

Eiríkur Rögnvaldsson,
prófessor í íslenskrari málfræði.



Deila á Facebook

Birt í Fræðin, Nýtt | Efnisorð Eiríkur Rögnvaldsson, framkvæmd íslenskrar málstefnu, réttarstaða íslensku og íslensks táknmáls, skipan Íslenskrar málnefndar | Skrifðið ummæli

helga

Höfundaréttur © 2011 HUGRÁS - vefrit Hugvísindasviðs.

Athugasemdir vegna frumlags til laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls

(pskj.870 – 533. mál)

Ég hef eingöngu litið á þær greinar sem fjalla um íslenska táknmálið og þá sérstaklega þriðju, fjórðu og sjöttu grein. Ég fagna þessu frumvarpi sérstaklega og sé að það hefur tekið miklum breytingum frá þeim tillögum sem ég sá á haustmisseri. Breytingartillögur sem sendar voru inn varðandi táknmálið hafa flestar verið teknar til greina þegar endanlegt frumvarp var samið sem gerir það að verkum að ekki er þörf á mörgum athugasemdum við frumvarpið.

Ég vil því aðeins gera eina athugasemd við greinargerð/athugasemdir við þriðju grein.

Greinin hljómar svona:

3. gr.

Íslenskt táknmál.

Íslenskt táknmál er fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra og afkomenda þeirra sem þurfa að reiða sig á það til tjáningar og samskipta. Skulu stjórnvöld hlúa að því og styðja.

Hver sem hefur þörf fyrir táknmál skal eiga þess kost að læra og nota íslenskt táknmál, jafnskjótt sem máltaka hefst eða frá þeim tíma sem heyrnarleysi, heyrnarskerðing eða daufblinda hefur greinst.

Og athugasemdirnar:

Um 3. gr.

Hér er lagt til að íslenskt táknmál hljóti opinbera viðurkenningu sem mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra Íslendinga. Með því er íslensku táknmáli gert jafnhátt undir höfði í samskiptum og íslenskri tungu. Áréttað er að þeir sem þurfi á táknmáli að halda, hvort sem það er fyrsta mál eða þegar sú þörf kemur upp síðar á ævinni, skuli eiga þess kost að læra, tileinka sér og nota táknmálið. Í ákvæðinu er við það miðað að þeir Íslendingar sem þurfa geti tileinkað sér íslenskt táknmál án hindrunar og notað það eftir því sem aðstæður frekast leyfa í daglegu lífi sínu þannig að þeir megi líta á það sem móðurmál sitt. Um búsetu er miðað við það sem greinir í þjóðskrá.

Það er gott að sjá að í þriðju grein er ekki aðeins talað um þá sem eru heyrnarlausri/skertir heldur einnig afkomendur þeirra, börn sem alast upp í tvítyngi táknmáls og íslensku. Einnig er sagt „hver sem hefur þörf fyrir táknmál skal eiga þess kosta að læra og nota íslenskt táknmál.....“. Í athugasemdum hefði ég viljað sjá að hér væri líka talað um foreldra/fjölskyldur heyrnarlausra barna. Rannsóknir sýna að málumhverfi barna skiptir miklu í málþroska þess og máltaka hefst við fæðingu. Ef foreldrum sem eignast heyrnarlaust barn er ekki gert auðvelt að læra táknmál þegar heyrnarskerðing barns greinist er hætta á að barnið fá ekki nægilegt ílag til

Þess að þroska málið sitt á eðlilegan hátt. Barnið þarf eins sterkt málumhverfi og hægt er frá byrjun máltöku og því þarf að auðvelda fjölskyldum að læra og nota táknmálið.

Við fjórðu og sjöttu grein geri ég engar athugasemdir en fagna því að komið verði á fót málnefnd íslenska táknmálsins og unnið að málstefnu. Það yrði mikill styrkur fyrir fræðasviðið hér við HÍ og auðveldaði vinnu við rannsóknir og kennslu.

Háskóli Íslands, 17.mars 2011,

Rannveig Sverrisdóttir
Lektor í táknmálsfræði
Hugvísindasviði